

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 140/2023**

2023/EES/81/65

frá 28. apríl 2023

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1166 frá 15. júlí 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/947 að því er varðar frestun á þeirri dagsetningu sem staðlaðar sviðsmyndir fyrir flug í eða úr augskýrn fjarflugmanns koma til framkvæmda <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66zbc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/947) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 1166**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1166 frá 15. júlí 2021 (Stjtið. ESB L 253, 16.7. 2021, bls. 49).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/1166, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 <sup>(2)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Nicolas von Lingen**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 253, 16.7.2021, bls. 49.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L, 2023/2294, 9.11.2023, og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 75.